

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands
haldinn í Safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju
föstudaginn 14. október 2005 kl 15:00.

Eftirtaldir voru mættir til fundarins fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna:

Fljótshálsa	Þorbjörn Rúnarsson
Djúpavogshreppur	Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir
Vopnafjarðarhreppur	Halldóra S. Árnadóttir
Fjarðabyggð	Jón Björn Hákonarson
Seyðisfjarðarkaupstaður	Jón Halldór Guðmundsson
Austurbyggð	Jósef Auðunn Friðriksson

1. Setning:

Jósef Friðriksson setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna til fundar og gekk því næst til dagskrár.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Jósef Friðriksson stjórnarformaður var kjörinn fundarstjóri og Jón Halldór Guðmundsson fundarritari.

3. Skýrsla stjórnar

Jósef A. Friðriksson flutti skýrslu stjórnar.

4. Ársreikningur 2004.

Forstöðumaður fór yfir ársreikninga fyrir 2004. Hagnaður af rekstri ársins 2004 var 2.376.570,- Rekstrartekjur ársins voru 45.199.508,- Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir alls 16.859.429,-. Handbært fé 12.350.782,- og hrein eign 5.437.564,-. Forstöðumaður svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

5. Fjárhagsáætlun 2006.

Forstöðumaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 og skýrði hana. Tillaga stjórnar um fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir rekstrarhalla um 4.800.000,- Heildartekjur eru 44.348.251,- Þar af verði framlög sveitarfélaganna 38.652.251,- Nokkrar umræður urðu um áætlunina og svaraði forstöðumaður fyrirspurnum. Að því liðnu bar fundarstjóri upp ársreikningana og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum. Framlögð tillaga að fjárhagsáætlun var einnig borin upp og samþykkt með öllum atkvæðum.

6. Kosningar.

Formaður næstu stjórnar var kjörinn Jósef Auðunn Friðriksson Austurbyggð.

Aðrir stjórnarmenn:

Jón Björn Hákonarson

Fjarðabyggð

Edda Elísabet Egilsdóttir	Fljótsdalshéraði
Halldóra Árnadóttir	Vopnafjarðarhreppi
Jón Halldór Guðmundsson	Seyðisfjarðarkaupstað

Varastjórn:

Gunnlaugur Sverrisson	Fjarðabyggð
Halldóra Hafþórsdóttir	Djúpavogshreppi
Þráinn Lárusson	Fljótsdalshéraði
Sigfríður Þorsteinsdóttir	Breiðdalshreppi
Kristjana Björnsdóttir	Borgarfjarðahreppi

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir:

Þóroddur Helgason Fjarðabyggð og Kristinn Briem Fjarðabyggð. Til vara: Sigurlaug Jónasdóttir Fljótsdalshéraði og Andrea Borgþórsdóttir Fjarðabyggð. Samhljóða samþykkt.

7. Önnur mál.

Forstöðumaður greindi frá því að Skeggjastaðahreppur hefði sagt sig úr byggðasamlagi um Skólaskrifstofu Austurlands. Tekur sú úrsögn gildi um næst komandi. áramót.

Forstöðumaður greindi frá könnun sem hann hefur leitt á því að fá talmeinafræðing til starfa á starfssvæði skrifstofunnar en þörf á talmeinaþjónustu er afar mikil á svæðinu, bæði í grunnskólum og meðal leikskólanemenda. Beindi hann því til fulltrúa sveitarfélagana að þeir kynntu þetta mál á sínum heimavettvangi.

Forstöðumaður greindi frá verkefnum skrifstofunnar og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Jósef ræddi um tilvísunarferlið og greiningarvinnu. Hann benti á að greiningarvinnan væri verkefni Skólaskrifstofunnar, en meðferðarþættinum væri illa sinnt í sumum tilvikum. Þetta þarf að bæta og getur Skólaskrifstofan ekki komið betur að því miðað við núverandi mannhald. Forstöðumaður tók undir þetta og lýsti þessu betur.

Fram kom hjá forstöðumanni að SKA er afar vel mönnuð. Halldóra Hafþórsdóttir spurðist fyrir um sérfræðiþjónustu. Halldóra Árnadóttir benti á mikla þörf fyrir þjónustu talmeinafræðings.

Formaður óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með það að vera kosnir í stjórn og þakkaði þeim sem eru að hverfa úr stjórn fyrir gott samstarf.

Formaður sleit að því sögðu fundi og þakkaði fundarmönnum góðan fund.

Fundi slitið kl 16:28.

Jón H. Guðmundsson fundarritari.